

Nd.

156. Nefndarátt

um frumvarp til laga um stofnun mótorvjelstjóraskóla í Beykjavík, á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin álitur nauðsyn þera til að komið sje, hið fyrsta að unt er, upp skólum þeim, er frumvarp þetta fer fram á.

Þekking sú, er mótorvjelstjórar nú hafa, er allsendis ónóg, og margsannað, að þekkingarskortur í þessum efnum hefir bakað útgerðarmönnum mikið fjárhagslegt tjón. Verður þetta því tilfinnanlegra sem vjelarnar stækka með hverju ári, og verða þar af leiðandi dýrari.

En jafnframt því að fallast á frumvarpið, að því er til nauðsynjarinnar kemur, hefir nefndin álitid, að líka nauðsyn beri til að auka þekkingu þeirra, er hafa eiga skipstjórn á hendi á smáskipum, og því leggur hún til, að í sambandi við þessa skóla sje sjeð fyrir kenslu í stýrimannafræði fyrir þá, er eingöngu hugsa um skipstjórn á smáskipum. Telur nefndin slíkt hagkvæmara en að þeir menn þurfi allir að leita til Reykjavíkur, er vilja afla sjer þeirrar þekkingar, sem er skilyrði fyrir rjetti til skipstjórnar á smáskipum.

En þrátt fyrir það, að nefndin viðurkennir nauðsynina á að koma þessum skólum upp, þá vill hún þó eigi leggja til, að lögin komi nú þegar til fram-

kvæmda, heldur að það dragist þar til heimsófriðnum ljettir af og hinum erfriðustu afleiðingum hans.

Að því er snertir hinar einstöku greinar frumvarpsins hefir nefndin komið sjer saman um að leggja til, að stjórn Fiskifjelags Íslands semji reglugerð fyrir skólana og að stjórnarráð Íslands samþykki hana.

En þótt nefndin leggi til, að framkvæmd þessara laga sje frestað þar til ófriðnum er lokið, þá sjer hún eigi fært að una við það ástand, sem nú er, svo lengi, og leggur því til, að þangað til lögina koma til framkvæmda, verði námskeið þau í hirðingu og meðferð mótörvjela, er Fiskifjelag Íslands hefir haldið uppi hin síðari árin, gerð fullkomnari, og að landssjóður leggi Fiskifjelaginu fje í þeim ákveðna tilgangi að fullkomna þessi námskeið.

Nefndin ræður því háttv. neðri deild Alþingis til að samþykkja frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1.

Aftan við 2. grein frumvarpsins bætist:
og jafnframt að veita þeim, er þess óska, þá kunnáttu, sem áskilin er í lögum nr. 42, 3. nóv. 1915 til þess að hafa skipstjórn á 12—30 lesta skipum.

2.

Aftan við orðin í 3. grein »skulu sett í reglugerð, er« komi:
stjórn Fiskifjelags Íslands semur og stjórnarráð Íslands staðfestir.

3.

Aftan við frumvarpið bætist ný grein, er verði 5. grein, svo hljóðandi:
Lög þessi koma til framkvæmda svo fljótt sem verða má að lokinni heimsstyrjöldinni.

4.

Aftan við frumvarpið komi svo hljóðandi:

Ákvæði um stundarsakir.

Meðan lög þessi koma ekki til framkvæmda veitast Fiskifjelagi Íslands alt að 2000 kr. á ári úr landssjóði, í þeim ákveðna tilgangi að fjölga námskeiðum þeim um hirðing og meðferð mótorá, er það hefir haldið undanfarin ár á stærstu útgerðarstöðum landsins, og til að fullkomna þau.

Neðri deild Alþingis, 24. júlí 1917.

Sveinn Ólafsson, Pjetur Ottesen, Matth. Ólafsson,
formaður. skrifari. framsm.

Jörundur Brynjólfsson. B. R. Stefánsson.